

FRÁSÖGN

af vetrarfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vín 22.–23. febrúar 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Gunnar Bragi Sveinsson, formaður, Bryndís Haraldsdóttir, varaformaður, og Guðmundur Andri Thorsson, auk Bylgju Árnadóttur, alþjóðaritari. Fundinn sóttu 240 þingmenn frá 53 ríkjum en að venju funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins með embættismönnum ÖSE, auk þess sem fram fór sameiginlegur fundur málefnanefndanna. Meginviðfangsefni fundarins var baráttan gegn róttækni og hryðjuverkum, átök á ÖSE-svæðinu og umræður um hvernig ÖSE-þingið gæti haft meiri áhrif í átt að lausn átaka.

Gunnar Bragi Sveinsson tók þátt í störfum 1. nefndar um stjórnsmál og öryggismál. Nefndina ávarpaði m.a. María Victoria González Román, formaður nefndar ÖSE um málaflökkinn og sendiherra Spánar hjá ÖSE. Hún lýsti ánægju sinni með það að vera fyrsta konan til að gegna embætti formanns nefndarinnar og sagði að megináhersla nefndarinnar árið 2018 yrði á aukna þátttöku kvenna. Annar meginþáttur í starfi nefndarinnar yrði barátta gegn vopnasmygli, mansali og ólöglegum fjármagnsflutningum og tengsl þessara þátta við hryðjuverkastarfsemi og skipulögð glæpasamtök. Einnig yrði sjónum beint að landamæraöryggi og þeirri öryggisógn sem skapast við það að vígamenn frá ÖSE-ríkjunum, sem tekið hafa þátt í starfi hryðjuverkasamtaka, snúa heim aftur. Lamberto Zannier, fulltrúi ÖSE gagnvart þjóðarbrotum (e. OSCE High Commissioner on National Minorities), ávarpaði einnig fundinn. Hann benti á að öll langvinn átök á ÖSE-svæðinu ættu rætur sínar að rekja til þjóðernishópa sem hefðu ekki aðlagast samfélögunum þar sem þeir byggju. Þessi átök væru ekki óumflýjanleg heldur bæru vott um misheppnaða aðlögun og pólitískar ákvarðanir leiðtoga. Útilokun minnihlutahópa gæti leitt af sér róttækni og hryðjuverkaógn. Zannier sagði menntun ekki eiga að bæla niður þjóðernisvitund minnihlutahópa heldur stuðla að aðlögun þeirra. Á fundinum var haldin sérstök umræða um vopnatakmarkanir og afvopnun. Erindi hélt Dr. Lassina Zerbo, framkvæmdastjóri skrifstofu samningsins um allsherjARBann við tilraunum með kjarnorkuvopn (CTBTO). Zerbo sagði heimsbúa geta treyst því að engar kjarnorkuvopnatilraunir ættu sér stað án vitneskju stofnunarinnar, en hún nýtir sér víðtækt net eftirlitstækja um allan heim. Hann sagði hins vegar ótta almennings við kjarnavopn hafa aukist í kjölfar tilraunasprenginga og átaka á landamærum Rússlands.

Bryndís Haraldsdóttir tók þátt í störfum 2. nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál. Á fund nefndarinnar kom m.a. Kairat Sarybay, formaður efnahags- og umhverfisnefndar ÖSE og sendiherra Kasakstans hjá ÖSE. Hann kynnti vinnuáætlun nefndarinnar fyrir árið 2018 en í henni var lögð áhersla á hagvöxt gegnum nýsköpun, mannauð, góða stjórnunarhætti og upptöku endurnýjanlegra orkugjafa. Á fundinum var sérstök umræða um langtímastefnu til að takast á við loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra. Erindi hélt Vuk Žugić, sendiherra Serbíu hjá ÖSE sem stýrir verkefnum ÖSE á sviði efnahags- og umhverfismála. Žugić sagði mikilvægt að vinna að jafnrétti kynjanna og innleiða kynjasjónarmið í alla stefnumótun í efnahags- og umhverfismálum.

Guðmundur Andri Thorsson tók þátt í störfum 3. nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál. Nefndina ávarpaði m.a. Sian MacLeod, formaður nefndar ÖSE um lýðræðis- og mannréttindamál og sendiherra Bretlands hjá stofnuninni. Hún greindi frá áherslum nefndarinnar fyrir árið 2018, sem yrðu m.a. á öryggi fjölmiðlafólks, og þá sérstaklega fjölmiðlakvenna, umburðarlyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum og ný verkefni í tengslum við mansal. MacLeod sagði kynjajafnrétti vera grundvöll friðar og öryggis og að áfram yrði barist fyrir því að aðildarlönd ÖSE kæmu sér saman um ályktun gegn ofbeldi gangvart konum. Ingbjörg Sólrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR), ávarpaði einnig nefndina. Hún lýsti ánægju með gott samstarf stofnunarinnar við

ÖSE-þingið í tengslum við kosningaefirlit. Standa þyrfti vörð um lýðræðið og þörf væri á stöðugum umbótum. Sérstaklega væri mikilvægt að auka hlut kvenna í stefnumótun og þar mætti byggja á valdeflandi áhrifum #metoo-hreyfingarinnar. Ingibjörg Sólrún benti enn fremur á frekari möguleika þingmanna til samstarfs við Lýðræðis- og mannréttindastofnunina. Stofnunin væri boðin og búin að veita þjóðþingum ráðgjöf, t.d. varðandi löggjöf, siðareglur þingmanna og þinglegt eftirlit með hernaðarlegum stofnunum. Á fundinum var haldin sérstök umræða um vernd lýðræðis á tímum vantrausts á fjölmiðlum og falsfrétta (e. fake news). Erindi hélt Harlem Désir, sérlegur fulltrúi ÖSE-þingsins fyrir fjölmiðlafrelsi. Í máli sínu sagði hann rangan frétttaflutning grafa undan lýðræðinu og skapa átök í samfélögum. Einna alvarlegast væri þegar slíkur frétttaflutningur væri runninn undan rifjum stjórnvalda. Mikilvægt væri hins vegar að grípa ekki til ritskoðunar til að bregðast við misvísandi frétttaflutningi á netinu. Désir nefndi dæmi um ný lög í Þýskalandi sem hefðu tekið gildi í ársbyrjun og miðuðu að því að koma í veg fyrir hatursdæmum á netinu. Reynslan hefði hins vegar sýnt að samfélagsmiðlar fjarlægðu efni umfram það sem kallað væri eftir í lögunum til að verja sig fyrir ákærum eða greiðslum himinhárra sekta. Lausnin fælist frekar í að bæta fjölmiðlalæsi meðal almennings og að bæta rannsóknablaðamennsku. Désir fjallaði einnig um mikilvægi þess að tryggja öryggi fjölmiðlafólks og vísaði í morðið á Daphne Caruana Galizia, blaðakonu frá Möltu, haustið 2017.

Á þingfundi sagði George Tsereteli, forseti ÖSE-þingsins, að ÖSE-svæðið stæði frammi fyrir þverrandi trausti milli aðildarlanda og aukinni hættu á átökum milli stórvelda. Hann sagðist mundu leggja áherslu á framfylgd ályktana þingsins og málamiðlun milli átakaaðila í Úkraínu. Á fundinum kynnti Peter Bowness, fulltrúi lávarðadeildar breska þingsins og formaður sérnefndar um starfsreglur og vinnulag ÖSE-þingsins, vinnu nefndarinnar. Bowness sagði tímaskort vera helsta vandamál þingsins. Ekki gæfist nægur tími til umræðna um mikilvæg málefni. Lausnin á þessu fælist ekki í því að lengja fundartíma, með tilheyrandi tilkostnaði þjóðþinganna og skrifstofu þingsins, heldur frekar að fækka breytingartillögum við ályktanir og sérstökum ályktunum einstakra þingmanna. Abid Qayyum Raja, varaforseti norska þingsins, flutti ávarp á fundinum um baráttuna gegn róttækni meðal múslima í Evrópu. Hann sagði rót hryðjuverkavandans í Evrópu vera misheppnaða aðlögun innflytjenda. Vandamálin væru alls staðar þau sömu og því væri hægt að nýta velheppnaðar aðgerðir á fleiri stöðum. Raja tók dæmi af sínum eigin uppvexti í Noregi. Honum hefði verið kennt að skammast sín fyrir tilfinningar sínar, upplifði ofbeldi bæði heima fyrir og í moskunni og fékk þau skilaboð frá kennurum sínum að hann myndi aldrei ná langt. Raja sagði þessa blöndu vekja reiði meðal ungmenna og frjóan jarðveg fyrir boðskap öfgahópa. Hann benti á að á bilinu 3.000-5.000 Evrópubúar hefðu ferðast til Sírlands eða Íraks til að ganga til liðs við samtökin sem kalla sig Íslamska ríkið. Það skipti höfuðmáli fyrir framtíðaröryggi Evrópu hvernig brugðist yrði við því þegar þessir vígamenn sneru aftur heim. Enn mikilvægara væri að koma í veg fyrir liðssöfnun öfgahópa í framtíðinni. Þar gegndu hófsamir múslimar lykilhlutverki en einnig trúarsamtök og skólakerfið. Í baráttunni gegn róttækni og félagslegu taumhaldi þyrfti að halda á lofti grunngildum á borð við mannréttindi, trúfrelsi, málfrelsi og réttindum kvenna og minnihlutahópa.

Á fundi stjórnarnefndar vöktu fulltrúar Litháens og Svíþjóðar athygli fundarmanna á bréfi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til forseta þingsins í febrúar, sem Gunnar Bragi Sveinsson, formaður Íslandsdeildar, skrifaði undir. Í bréfinu var forseti hvattur til þess að auka eftirlit ÖSE-þingsins með framfylgd ályktana þingsins í aðildarlöndunum. George Tsereteli, forseti ÖSE-þingsins, sagðist vera sammála efni bréfsins. Helsta vandamál þingsins væri að tryggja sýnileika og framfylgd ályktana þingsins, vandamál sem þjóðþing aðildarríkjanna glímdu einnig við.

Samhliða vetrarfundi fundaði Íslandsdeild með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um starfsemi Lýðræðis- og mannréttindastofnunarinnar. Gunnar Bragi Sveinsson fundaði einnig með fulltrúum Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna ásamt fulltrúum Bretlands. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.